

Setning

Þórir Ingason

Vegagerðin

Rannsóknaráðstefna Vegagerðarinnar er nú er haldin í 11. Ráðstefnan er haldinn í salnum Kaldalóni í Hörpu. Skráðir þátttakendur eru 186 sem er það mesta á þessar ráðstefnur hingað til.

Skipulag rannsóknastarfs Vegagerðarinnar hefur verið í nokkuð föstum skorðum undanfarin ár. Til að mynda hefur rannsóknastefna Vegagerðarinnar verið óbreytt síðan árið 2006. Í henni segir reyndar að hún sé í stöðugri endurskoðun í samræm við breyttar áherslur og þarfir samfélagsins. Þessi endurskoðun fer í raun fram árlega. Þrjár fagnefndir sem starfa innan Vegagerðarinnar og fjalla um flokkana fjóra sem rannsóknirnar flokkast í (mannvirki, umferð, umhverfi og samfélag), koma saman að hausti og leggja fram áherslusvið sem miðað er við þegar auglýst er eftir umsóknum til rannsókna á næsta ári á eftir. Þessi áherslusvið endurspeglar áherslur og þarfir samfélagsins og kannski þó einkum Vegagerðarinnar í hvert sinn. Það má líka skoða skipulag rannsóknastarfsins í heild og e.t.v. er tímabært að taka það til endurskoðunar í náinni framtíð, m.a. með hliðsjón af væntanlegum samruna stofnana í samgöngueiranum.

Fullyrða má að rannsóknastarfið mun halda áfram þrátt fyrir ytri breytingar s.s. samruna stofnana, meðan það er tryggt í vegalögum að veita skuli ákveðnu fjármagni til rannsókna hjá Vegagerðinni árlega. Oftar en einu sinni hefur verið minnst á það við setningu rannsóknaráðstefnunnar að í lögum segir að þetta fjármagn skuli vera 1,5% af mörkuðum tekjum stofnunarinnar, en í raun hefur það aldrei náð því, þegar tala hefur verið sett í fjárlög. Á þessu ári, 2012, voru 123 milljónir til úthlutunar, en líkur eru til að árið 2013 fáum við 148 milljónir, en það er sama upphæð og árið 2009 sem er það mesta hingað til. Ef til vill eru því betri tímar framundan. Reyndar voru umsóknir árið 2012 og árið 2011 færri og upphæðir lægri en 2009 og 2010, en engu að síður hefur ávallt þurft að hafna góðum verkefnum og jafnvel þó upphæðin hækki 2013 má búast við að svo verði áfram.

Á ráðstefnunni 2012 er boðið upp á kynningu á 20 verkefnum, sem eru af ýmsum toga þannig að það er töluverð fjölbreytni eins og ávallt hefur verið. Auk erindahalds eru sett upp veggspjöld um 5 verkefni, reyndar veður líka erindi um eitt þeirra. Ágrip af nánast öllum erindunum má finna á vef Vegagerðarinnar auk þess sem glærur sem fyrirlesarar nota verða settar þangað líka. Það er rétt að taka fram að það sem kynnt er, er aðeins hluti af því rannsóknastarfi sem styrkt er af rannsóknasjóðnum. Þess vegna má minna á að allar skýrslur sem skilað er um rannsóknaverkefni eru á vef Vegagerðarinnar.

Auður Þóra Árnadóttir, verkfræðingur hjá Vegagerðinni, er ráðstefnustjóri.